

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Alþjónusta í pósti

skýrsla verkefnisnefndar


september 2017

Hinn 29. maí 2017 skipaði Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, verkefnisnefnd um alþjónustu í pósti sem hafði það hlutverk að fjalla um tiltekin álitamál tengd alþjónustu í pósti, m.a. í tengslum við heildarendurskoðun á póstlögum og fyrirhugað afnám einkaréttar í pósti. Í frumvarpi að nýjum póstlögum þarf að huga sérstaklega að afmörkun, skilgreiningum, fjármögnun og leiðum til að tryggja hagkvæma alþjónustu í pósti í tengslum við fyrirhugað afnám einkaréttar Íslandspósts og opnun samkeppnismarkaðar. Nefndinni var einkum ætlað að fjalla um tiltekin álitamál með því að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvert ætti umfang alþjónustu að vera hér á landi?
- 2a. Hver er kostnaðurinn við alþjónustu og hvaða leiðir eru færar til þess að fjármagna alþjónustu og draga úr íþyngjandi áhrifum á hið opinbera?
- 2b. Ætti að leggja jöfnunargjald á póstrekendur sem rennur í alþjónustusjóð sem alþjónusturekandi á rétt á framlagi úr vegna kostnaðar við alþjónustuna, reynist þess þörf?
- 2c. Ætti að afnema undanþágu frá virðisaukaskatti á bréfum innan alþjónustu þegar að einkaréttur er afnuminn en þess í stað tæki ríkið að sér að fjármagna alþjónustubyrðina í gegnum ríkissjóð, reynist þess þörf?
3. Er hægt að ná betri samstöðu um hvaða kostnaður er lagður til grundvallar útreikningi á alþjónustubyrði og þá hvernig?
4. Hvernig ber að fjármagna aukið eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar í tengslum við framkvæmd nýrra póstlaga, ef svo ber undir?
5. Hvar á ákvörðun um fyrirkomulag fjármögnunar alþjónustu að liggja?
6. Hvernig er skynsamlegt að tryggja hagkvæma alþjónustu með þeim þrem leiðum sem póstillskipunin nefnir, þ.e. markaðslausn, útboð eða útnefning?
7. Þarf að skerpa á mörkum póstmarkaðar og annarra markaða t.d. í vöruflutningum?

Meðfylgjandi er skýrsla verkefnisnefndarinnar.

Reykjavík, 14. september 2017



Gunnar Þorgeirsson, formaður



Guðný Helga Björnsdóttir



Pawel Bartoszek



Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir

Áherslur og ábendingar

Verkefnisnefndin hefur sammælt um að nálgast viðfangsefnið með hliðsjón af þremur megin markmiðum í tengslum við afnám einkaréttar og útfærslu á alþjónustu í pósti sem framundan er hér á landi. Markmiðin eru þessi í rétttri forgangs röð:

- I. Stuðla að virkri samkeppni.
- II. Lágmarka ríkisframlag við að tryggja alþjónustu.
- III. Tryggja hagkvæma lágmarksþjónustu (alþjónustu) um land allt.

Framangreind markmið spila saman og hefur útfærsla á einu þeirra áhrif á útfærslu hinna. Ef hámarka á tækifæri og hvata til samkeppni þá myndi hátt alþjónustustig vinna gegn því markmiði. Ef útgangspunkturinn er hins vegar að tryggja hátt alþjónustustig setur það þrýsting á framlag frá ríkinu og minnkar hvata til samkeppni. Ef útiloka á ríkisframlag vegna alþjónustu þá þarf alþjónustan mögulega að vera undir þeim lágmarksgæðum sem notendur telja ásættanleg.

Að teknu tilliti til framangreindra markmiða telur nefndin mikilvægast að nýtt regluverk um póstpjónustu stuðli að bættu samkeppnisumhverfi til framtíðar á póstmarkaði. Aukin samkeppni á póstmarkaði í tengslum við afnám einkaréttar ætti að hvetja markaðsaðila almennt til að auka hagkvæmni í rekstri, verja/stækka markaðshlutdeild og vinna að nýsköpun í vörum, þjónustu og ferlum. Þannig getur markmið I stuðlað að markmiðum II og III komist á virk samkeppni. Þessi vegferð stjórnvalda og samkeppnisyfirvalda er í raun hafin með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins (SE) nr. 8/2017: „Aðgerðir til að styrkja samkeppnisaðstæður á póstmarkaði“. Ákvörðunin byggðist á sátt milli SE og Íslandspósts (ÍSP) og kvað á um ítarleg skilyrði og breytingar á starfsemi ÍSP. Voru skilyrðin sett í því skyni að vinna gegn samkeppnishömlum sem SE taldi að rekja mætti til einkaréttar á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g og sterkrar stöðu ÍSP á póstmarkaði og tengdum mörkuðum. Með sáttinni var leitast við með heildstæðum hætti að leysa til frambúðar úr þeim álitaefnum sem kristallast hafa í margvíslegum formlegum ábendingum og kvörtunum yfir starfsemi félagsins sem borist hafa SE. Með ákvörðuninni lauk rannsóknnum SE á útistandandi málum vegna starfsemi ÍSP. Hinn 14. ágúst sl. staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvörðun SE nr. 8/2017.

Fyrirtæki í samkeppni á póstmarkaði skilgreina sjálf markaðssvæði sín og kann markaðsbrestur því að myndast á svæðunum þar sem enginn markaðsaðili sér hag í því að veita lágmarksþjónustu á markaðslegum forsendum. Á móti liggur fyrir að þjónusta á póstmarkaði fyrir landið allt veitir verðmætt forskot og sérstöðu sem réttlæta þarf sérstaklega að gefa eftir, ákveði stjórnvöld að fara útboðsleið til að ná fram markmiði III um alþjónustu um land allt.

Ríkið getur farið nokkrar leiðir til að fjármagna alþjónustu reyni á slíkt. Verkefnisnefndin telur mikilvægt að markaðs- og samkeppnisleiðir séu ætíð reyndar til þrautar við að koma á alþjónustu. Leiðir sem kalli á opinbert framlag verði því einungis til þrautavara. Í því skyni er hægt að nýta reynslu fjarskiptasjóðs og Ríkiskaupa við greiningu á markaðsbresti auk skipulagningar og framkvæmdar útboða er varða fjarskipti utan markaðssvæða.

Verkefnisnefndin telur einsýnt að samverkandi fækkun bréfasendinga, tækniþróun í fjarskiptum og miðlun rafrænna upplýsinga, ekki síst frá opinberum aðilum, dragi enn frekar úr raunverulegri þörf fyrir tíða útburðardaga innan alþjónustu um land allt. Sú staðreynd, auk megináherslu á eflingu samkeppni auk lágmörkunar ríkisframlags, veitir kærkomið tækifæri til að nýta fyrirbyggjandi og nýja tækniinnviði í auknum mæli til hagræðingar fyrir allt samfélagið og til þess jafnframt að vega upp á móti þjónustuskerðingu sem einhverjir íbúar kunna að upplifa með breytingum á útburði og fækkun útburðardaga.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (FER) fer með hlutabréfið í ÍSP fyrir hönd ríkisins. Ákvörðun um einkavæðingu félagsins liggur ekki fyrir. Aðilar sem fá rekstrartap bætt úr opinberum sjóðum hafa minni hvata en ella til að lækka þann kostnað. Er það almenn tilhneiging sem er ekki einskorðuð við pósthjónustufyrirtæki. Sú tilhneiging kann að einhverju leyti að skýra þann mun sem er á útreikningi félagsins á ósanngjarnri alþjónustubyrði og útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (HHÍ) annars vegar og Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) hins vegar. Í fyrrnefndri ákvörðun SE, nr. 8/2017, felast leiðbeiningar um það hvernig hægt sé að draga úr þessum mun og þar af leiðandi þeim ágreiningi sem hefur verið milli PFS og ÍSP um ósanngjarna byrði vegna alþjónustu.

Vandi stjórnvalda verður mögulega margþættur við undirbúning og framkvæmd nýrra póstlaga beri áfram mörg hundruð milljónir króna á milli í eigin útreikningum ÍSP og eftirlitsstjórnvalda. Þessi óvissa gerir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu (SRN) erfitt fyrir að útbúa og fá samþykka kostnaðaráætlun fyrir lagafrumvarpið hjá FER. Óvissa með kostnað torveldar jafnframt umræðu og ákvörðunartöku um leiðir ríkisins við að tryggja og fjármagna alþjónustu í pósti ef svo ber undir, auk þess að skapa almenna óvissu í fjárlögum hvers árs og ríkisfjármálaáætlun. Ákjósanlegt er að eigandi félagsins sem hefur hagsmuni beggja vegna borðs hlutist til um að ná fram sátt um þá útreikninga.

Í aðildarríkjum ESB féll allur einkaréttur á sviði pósthjónustu niður þann 1. janúar 2011. Í kjölfar þess hafa nýir keppinautar haft heimild til þess að hefja samkeppni við fyrrverandi einkaréttarhafa í hvers konar pósthjónustu. Reynslan hefur hins vegar verið sú að fyrrverandi einkaréttarhafar, sem í flestum tilvikum bera enn alþjónustuskyldu, eru eftir sem áður í lykilstöðu á sviði bréfafóstsdreifingar í öllum ríkjum ESB. Á sviði dreifingar á bögglopósti hefur samkeppni aftur á móti virst vera að aukast samhliða vaxandi netverslun sem hefur leitt til fjölgunar pakkasendinga á sama tíma og bréfasendingum hefur jafnt og þétt fækkað.

Á vettvangi ESB er talið mikilvægt að stuðla að virkri samkeppni á póstmarkaði. Nú er svo komið að íslenska ríkið er eina ríkið innan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki hefur ákveðið að fella niður einkarétt á pósthjónustu, eftir að ný póstlög tóku gildi í Noregi 1. janúar 2016. Þar í landi hefur norskur pósturinn hins vegar verið útnefndur áfram sem alþjónustuveitandi og fær ríkisstuðning til þess að fjármagna starfsemina.

1. Hvert ætti umfang alþjónustu að vera hér á landi?

Tilskipun Evrópusambandsins tilgreinir nokkuð nákvæmlega hvert umfang alþjónustu skuli vera. Þar sem um tilskipun er að ræða hefur íslenska ríkið töluvert svigrúm við innleiðingu um útfærslu einstakra atriða, þar með talið að skilgreina umfang alþjónustu. Stjórnvöld þurfa þó ætíð að vera reiðubúin að gera Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) grein fyrir því hvernig staðið er að innleiðingu allra ákvæða tilskipunarinnar. Því þarf að huga sérstaklega að rökstuðningi ef innleiðing víkur frá tilskipun. Í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum til nýrra póstlaga er skilgreining á alþjónustu frábrugðin núgildandi lögum í nokkrum grundvallaratriðum og lagður til talsvert meiri sveigjanleiki til þess að meta þörf fyrir alþjónustu. Í aðildarríkjum ESB má enn fremur sjá að útfærsla alþjónustu er talsvert mismunandi eftir löndum. Í 9. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um hvert umfang alþjónustu skuli vera hér á landi. Orðalagið tekur mið af inntaki tilskipunarinnar og er nokkuð opið. Hið raunverulega umfang alþjónustu hverju sinni verður svo skilgreint nánar í reglugerð um alþjónustu.

Orðalag 9. gr. frumvarpsins er nokkuð opið einkum er varðar fjölda útburðardaga. Athugasemdir frá umsagnaraðilum sneru í meginatriðum að óskýrleika um fjölda útburðardaga. Þess ber að geta að haustið 2015 var dreifingardögum fækkað í annan hvern dag á strjálbýlustu svæðum landsins. Áður hafði gilt svipað fyrirkomulag í þéttbýli, sem felur í sér að póstur er borinn í helming hverfis einn daginn og í hinn helming þess hinn daginn. Í júní 2017 var reglugerð um alþjónustu breytt á þá leið að þetta fyrirkomulag er heimilt um allt land.

Orðalag 9. gr. frumvarpsins þarf að fanga inntak tilskipunarinnar en þó veita stjórnvöldum nauðsynlegan sveigjanleika til útfærslu og breytinga eftir því sem við á. Mikilvægt er þó að greinin þrengi ekki um of að svigrúmi ráðherra við að útfæra umfang alþjónustu í reglugerð hverju sinni þ.a. falli best að íslenskum veruleika og hagsmunum. Fyrir liggur að orðalag 9. gr. eitt og sér veldur óvissu fyrir alla hagaðila. Ráðherra er þar falið að setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu. Erfitt er því fyrir hagaðila að ræða og meta fjárhagsleg og önnur áhrif frumvarpsins þar sem útfærsla á reglugerð ráðherra liggur ekki fyrir.

Verkefnisnefndin telur að sátt geti náðst um þá útfærslu á alþjónustu að póstur sé borinn út inn um póstlúgu til heimila/fyrirtækja tvo daga í viku að jafnaði og til vara í póstkassa við þjóðveg (utan þéttbýlis) sé heimreið ekki greiðfær. Slíkt eða sambærilegt fyrirkomulag kæmi til móts við gagnrýni þess efnis að útburður í póstkassa við þjóðveg í dreifbýli sé ekki heppilegt fyrirkomulag m.t.t. afhendingaröryggis, mögulegra vatnsskemmda og staðsetningar utan sjónlínu frá íbúðarhúsi. Útburður sömu tvo vikudagana í hverri viku eykur fyrirsjáanleika umfram 3+2 fyrirkomulagið sem fyrir er. Á móti væri fallist á þjónustuskerðingu sem nemur tveimur útburðardögum í mánuði. Eftir sem áður munu notendur póstpjónustu hafa aðgang að hraðsendingum telji notendur sig þurfa að fá póst tíðar en almenn póstdreifing býður upp á.

Verkefnisnefndin gerir því ekki sérstaka athugasemd við fyrirliggjandi orðalag 9. gr. að svo komnu. Sjá fyrirliggjandi drög að 9. gr. frumvarps til nýrra póstlaga í viðauka I.

Það er álit nefndarinnar að afmarka eigi umfang alþjónustu með hliðsjón af þeim megin markmiðum sem nefndin leggur til grundvallar. Þannig megi til að mynda:

- Skilgreina móttöku- og söfnunarstað, afgreiðslustað og póstkassa á sveigjanlegan og hagkvæman hátt.
- Tryggja sem minnsta skörun við flutningamarkað er kemur að þyngdarviðmiðum fyrir bréf, böggla og aðrar sendingar.
- Halda útburðardögum í lágmarki.
- Lögleiða rafræna dreifingu opinberra upplýsinga og gagna sem lögmeta staðgönguvöru fyrir hefðbundnari póstpjónustu.

2a. Hver er kostnaðurinn við alþjónustu og hvaða leiðir eru færar til þess að fjármagna alþjónustu og draga úr íþyngjandi áhrifum á hið opinbera?

Verkefnisnefndin telur eðlilegt að ráðuneytið styðjist við umfjöllun og niðurstöður sem er að finna í skýrslu HHÍ einkum hvað varðar:

- Mat á kostnaði við alþjónustu og ágreining aðila um forsendur og reikniaðferðir.
- Reynslu annarra Norðurlanda og mat á leiðum sem þær hafa farið.
- Tillögur um leiðir til þess að lækka kostnað við alþjónustu hér á landi.

Verkefnisnefndin hefur ekki forsendur til þess að leggja faglegt mat á niðurstöður HHÍ um kostnað við alþjónustu samkvæmt þeim sviðsmyndum sem óskað var eftir. Nefndin vill þó sérstaklega draga fram eftirfarandi atriði í ágripi eða samantekt skýrslunnar á bls. 4 og 5 án þess þó að skilja megi svo að nefndin sé síður sammála eða hafni annarri umfjöllun:

- ÍSP telur kostnað sinn af alþjónustu fyrir árið 2013 vera 1.192 m.kr. PFS telur kostnaðinn mun minni.
- Póstdreifing ehf. telur markaðsforsendur fyrir allri póstpjónustu nema ef til vill dreifingu A-pósts og póstdreifingu í sveitum.
- Athugun HHÍ bendir til þess að aðalkostnaðarliðirnir séu tveir:
 - Kvöð um að dreifa A-póst: Tap ÍSP af dreifingu A-pósts og póstpjónustu kunnir að verða nálægt 125 m.kr. á ári að óbreyttum reglum. Gert er ráð fyrir heldur meiri fjármagnskostnaði en ÍSP reiknar með og samdráttur í markaðshlutdeild ÍSP gerir það að verkum að dýrara verður að fara með hvert bréf. Hægt væri að jafna hallann, að minnsta kosti að töluverðum hluta, með því að hækka burðargjöld á A-pósti.
 - Póstdreifing í sveitum: Hún kostar sennilega ríflega 300 m.kr. á ári meira en dreifing pósts annars staðar á landsbyggðinni. Að viðbættum kostnaði vegna flutninga fyrir blinda og fleira gæti alþjónustubyrðin farið í um 450 m.kr. á ári.
- Ef danska leiðin (dreifing tvisvar í viku) er farin verður aðeins alþjónustubyrði af dreifingu pósts í sveitum. Hún gæti orðið 250 m.kr. á ári eða ríflega það. Kostnaðurinn minnkar í um 120 m.kr. ef almennur póstur er aðeins borinn út einu sinni í viku.

- Samhliða fækkun bréfa er hundruðum milljóna króna úr ríkissjóði á ári ef til vill betur varið í að bæta fjarskipti í afskekktum byggðum.
- Hvati til hagræðingar vill verða lítill þegar ríkið borgar reikninginn. Komast mætti hjá þessu með því að bjóða alþjónustuskylduna út í áföngum.
- Ríkisstuðningur við alþjónustu ræðst einkum af upplýsingum frá þeim sem innir þjónustuna af hendi. Þeir gætu freistast til þess að gefa rangar upplýsingar. Þótt allar upplýsingar séu réttar getur verið að til séu skynsamlegri leiðir til þess að vinna verkin.
- Ekki er hægt að meta kostnað af alþjónustuskyldu nema alþjónustan sé nákvæmlega skilgreind, þ.e. hvernig þjónusta mundi breytast ef alþjónustuskylda yrði afnumin, hvaða þjónusta leggst af og hvaða þjónusta breytist. Slíkt hefur áhrif á eftirspurn og sömuleiðis áhrif á tekjur og kostnað.
- Leiðir til að draga úr mögulegum íþyngjandi áhrifum á hið opinbera, þ.e. opinberri fjármögnun alþjónustu, geta verið að heimila ÍSP áframhaldandi fækkun hefðbundinna afgreiðslustaða, að fækka tæmingum á móttöku- og söfnunarstöðum til samræmis við fyrirkomulag útburðar, að allar sendingar séu bornar út þremur dögum eftir að þær eru póstagðar í stað þess að A-póstur sé borinn út daginn eftir að hann er settur í póst, að allur almennur póstur verði borinn út þremur dögum eftir að hann berst í stað þess að A-sendingar séu bornar út daginn eftir. Þá yrði póstur borinn út annan hvern dag um allt land (X/Y dreifikerfið) og þannig næðist jafnframt hagræðing í Póstmiðstöð.
- ÍSP myndi að sögn ekki leggja af allan A-póst, ef hann væri ekki bundinn af alþjónustuskyldu, heldur yrði A-póstur í boði á viðskiptalegum grundvelli utan alþjónustu. Verð á A-pósti mundi endurspeglar kostnað (og hækka þar af leiðandi). ÍSP myndi þannig bera áfram út bréf daginn eftir að þau eru póstlögð ef neytendur greiða fullt verð fyrir það.

Verkefnisnefndin tekur undir með skýrsluhöfundum HHÍ að skoða beri að:

- Fara „dönsku leiðina“ þ.e. útburð tvisvar í viku, en þó sé þjónusta í boði alla daga, þ.e. hægt að póstleggja hraðsendingar sem komist hraðar á leiðarenda.
- Nýta fjarskiptainviði, ekki síst í dreifbýli, til þess að efla „rafræna pósthjónustu“ hvers konar með áherslu á rafræna stjórnsýslu.
- Fella ekki hvers kyns dreifingu undir alþjónustu sem hamli samkeppni og nýsköpun á póst- og flutningamarkaði.

Verkefnisnefndin tekur jafnframt undir mat SE að:

- Einkaréttinn beri að fella niður héraðs sem fyrst til þess að örva samkeppni og draga úr eftirlitsbyrði.
- Brýnt er að sá kostnaður sem hlýst af alþjónustu sé dreginn upp á yfirborðið með sem hlutlægustum og gagnsæjustum hætti.
- Einn liður í því gæti mögulega falist í að koma á útboðsfyrirkomulagi um framkvæmd póstdreifingar á strjálbýlum svæðum, þ.e. á svæðum þar sem alþjónusta ber sig ljóslega ekki á almennum viðskiptalegum grundvelli.

2b. Ætti að leggja jöfnunargjald á póstrekendur sem rennur í alþjónustusjóð sem alþjónusturekandi á rétt á framlagi úr, reynist þess þörf?

Verkefnisnefndin leggur til að jöfnunargjald á póstrekendur, sem rennur í alþjónustusjóð sem alþjónusturekandi á rétt á framlagi úr vegna kostnaðar við alþjónustuna, verði ekki lagt á nema að öðrum leiðum verði hafnað af einhverjum ástæðum. Ástæðan er annars vegar, eins og áður hefur komið fram, að það hamlar að öllum líkindum samkeppni og mögulega nýsköpun á póstmárkaði að velta slíkum kostnaði á póstrekendur. Hins vegar gæti jöfnunargjald þurft að vera afar hátt hlutfall af veltu póstrekenda svo þessi leið gæti gengið upp.

Að mati nefndarinnar ættu stjórnvöld ekki að leggja upp með þessa fjármögnunarleið í upphafi. Á hinn bóginn er heldur ekki skynsamlegt að útiloka hana í lagalegu tilliti sem valkost upp á seinni tíma ákvörðun um not að gera.

2c. Ætti að afnema undanþágu frá virðisaukaskatti á bréfum innan alþjónustu þegar einkaréttur er afnuminn en þess í stað tæki ríkið að sér að fjármagna alþjónustubyrðina í gegnum ríkissjóð, reynist þess þörf?

Þess finnast dæmi að lagður hafi verið virðisaukaskattur á bréf innan alþjónustu, en almennt eru bréf innan alþjónustu þó undanskilin virðisaukaskatti. Í ríkjum ESB er óheimilt að leggja virðisaukaskatt á bréf innan alþjónustu. Þær reglur taka ekki til EES-EFTA ríkjanna og því kemur til greina að skoða slíka skattlagningu sem fjármögnunarleið vegna alþjónustu.

Aðrir möguleikar fyrir hendi væru þeir að notendur þjónustunnar kæmu að því að greiða fyrir þjónustuna fremur en þorri almennings eða markaðsaðilar. Í skýrslu HHÍ kemur fram að verðteygni í pósthjónustu innan alþjónustu sé lítil, þ.e. verðhækkanir hafi ekki leitt til samsvarandi samdráttar á eftirspurn. Heimild til verðhækkana innan alþjónustu getur því að einhverju leyti unnið gegn tekjutapi alþjónustuveitanda samfara minnkandi eftirspurn. Þó ber að varast að leggja virðisaukaskatt á bréf ef ekki reynist þörf á ríkisframlagi vegna alþjónustu.

Verkefnisnefndin telur að afnám undanþágu frá virðisaukaskattsskyldu ætti að vera fyrsti kosturinn fyrir ríkið ef nauðsynlega þarf að fjármagna alþjónustubyrðina gegnum ríkissjóð. Ef sú fjármögnun dugar ekki til þá þarf að mati nefndarinnar að greiða viðbótarframlag beint úr ríkissjóði án þess að önnur skattlagning komi á móti. Lakasti kosturinn væri að leggja alþjónustubyrðina á markaðsaðila með svokölluðu jöfnunargjaldi þar sem að slíkt myndi mögulega hamlar samkeppni.

Bent skal á að útreikningur á hreinni alþjónustubyrði er háður mörgum og jafnvel mismunandi forsendum sem munu breytast með tímanum. Það er því alls ekki víst að auknar virðisaukaskatttekjur samfara afnámi undanþágu virðisaukaskattsskyldu hrökkvi til við að fjármagna alþjónustubyrðina til lengri tíma lítið þótt þær kunni að gera það í fyrstu og öfugt.

3. Er hægt að ná betri samstöðu um hvaða kostnaður er lagður til grundvallar útreikningi á alþjónustubyrði og þá hvernig?

Ekki er hægt að meta kostnað af alþjónustuskyldu nema alþjónustan sé nákvæmlega skilgreind. Skilgreina þarf fyrir það fyrsta hvort og þá hvernig þjónusta mun breytast þegar alþjónustuskylda verður afnumin. Ákvarða þarf hvaða þjónusta leggst af og hvaða þjónusta breytist. Af þessu leiðir að útreikningur á alþjónustubyrði tekur nokkuð örugglega breytingum frá einum tíma til annars.

Hvati til hagræðingar vill verða minni en ella þegar kostnaðurinn leggst á ríkið. Uppgefinn kostnaður ÍSP til grundvallar slíkum útreikningi kann því að vera hærri en nauðsynlegt þykir. Ósamkomulag um forsendur og reikniaðferðir skapar vandamál sem vandséð er að leysist farsælega af sjálfu sér. Hagsmunir eru einfaldlega þess eðlis. Talsverður munur er á útreikningum PFS og ÍSP. HHÍ kemst svo að enn annarri niðurstöðu á grundvelli tiltekinnar forsendna án þess að hafa beinan aðgang að kostnaðarlíkönunum fyrir pósthjónustu sem nýta má til þess að meta kostnað af alþjónustu.

Verkefnisnefndin telur að stjórnvöld séu í aðstöðu til að minnka eða eyða óvissu um skilgreiningu á alþjónustu. Slíkt er einfaldlega nauðsynlegt upp á framhaldið að gera. Að sama skapi eigi á grundvelli ákvörðunar SE að vera hægt að minnka óvissu um möguleg frávik á milli þess raunkostnaðar sem ÍSP leggur til grundvallar útreikningi á óhóflegri byrði af hvers konar alþjónustu og samsvarandi kostnaðar hjá öðru fyrirtæki á þessum markaði.

Hvað þriðja þáttinn varðar þá leggur verkefnisnefndin til að FER verði upplýst sem fyrst um þann vanda sem við blasir hvað þetta varðar. Er sá vandi margþættur:

- Mikill munur er á niðurstöðu útreikninga PFS og ÍSP. Umfjöllun og niðurstaða HHÍ er ekki heldur til þess fallin að skera úr um þann ágreining.
- Mat á kostnaði við útnefningu ÍSP miðað við tiltekna alþjónustu er því erfitt og jafnvel ómögulegt að áætla nema fallist sé á mat ÍSP. Slík meðgjöf mun hljóta mikla gagnrýni hjá samkeppnisaðilum sem ávísun á of háa meðgjöf frá ríkinu og óeðlilegan ríkisstyrk þar af leiðandi.
- Ógjörningur er því að kostnaðarmeta nýtt lagafrumvarp um pósthjónustu að óbreyttu nema með miklum vikmörkum og óvissu.

FER fer með hlutabréfið í ÍSP fyrir hönd ríkisins. Áður hefur verið minnst á minni hvata en ella til hagræðingar fyrir markaðsráðandi aðila sem fær „umframkostnað“ sinn allan bættan úr opinberum sjóðum. Sú tilhneiging kann að einhverju leyti að skýra þann mun sem er á útreikningi félagsins á ósanngjarnri alþjónustubyrði og útreikningum HHÍ annars vegar og PFS hins vegar. Eðlilegt er að eigandi félagsins, sem hefur hagsmuni beggja vegna borðs, hlutist til um að ná betri sátt um þá útreikninga. Í ákvörðun SE, sáttinni, er að finna leiðbeiningar um það hvernig hægt sé að draga úr þessum mun og þar af leiðandi þeim ágreiningi sem hefur verið milli PFS og ÍSP um útreikninga. Mikilvægt er að sú vinna fari fram. Sérstök eftirlitsnefnd fylgir sáttinni eftir, tekur við kvörtunum og tekur ákvarðanir í samræmi við fyrirmæli

sáttarinnar. Eftirlitsnefndin er þannig hluti af skipulagi ÍSP og eru tveir af þremur nefndarmönnum óháðir fyrirtækinu.

Verkefnisnefndin leggur til að stjórnvöld komi á reglulegum samskiptum við eftirlitsnefndina í því augnamiði að ná fram markmiðum frumvarpsins.

4. Hvernig ber að fjármagna aukið eftirlit PFS í tengslum við framkvæmd nýrra póstlaga, ef svo ber undir?

PFS hefur bent á að starfsemi stofnunarinnar er varðar póstmarkað njóti ekki nauðsynlegra fjár- og útgjaldaheimilda. Stofnunin telur að umfang starfsemi og eftirlits vegna fyrirhugaðs afnáms á einkarétti í pósti kunni óhjákvæmilega að aukast umtalsvert, í fyrstu að minnsta kosti, og því sé þörf á viðbótarfjármögnun.

Verkefnisnefndin telur mikilvægt að stofnunin sé í stakk búin fjárhagslega til að sinna hlutverki sínu í þessum efnunum. Slíkt sé ein af meginforsendum þess að vel takist til við afnám einkaréttar í pósti. Jafnframt telur verkefnisnefndin eðlilegt að skoðað verði að hækka rekstrargjaldsprósenta á pósthjónustufyrirtæki til að standa straum af fyrirséðum auknum kostnaði PFS og að útgjaldaheimild hennar verði aukin sem því nemur. Aðrar leiðir til fjármögnunar virðast langsóttari eða óraunhæfar.

5. Hvar á ákvörðun um fyrirkomulag fjármögnunar alþjónustu að liggja?

Verkefnisnefndin telur að PFS eigi ekki að fara með beint ákvörðunarvald er kemur að fyrirkomulagi fjármögnunar á alþjónustu í pósti. Þar sem talsverður kostnaður getur fallið á ríkissjóð við það að tryggja alþjónustu telur verkefnisnefndin mikilvægt að ráðherra eigi ríkari aðkomu að því að ákveða þá leið sem farin er eða útfærslu hennar.

Verkefnisnefndin telur að hugsanlega eigi útfærsla útboðs að vera innan ráðuneytisins, t.d. hjá fjarskiptasjóði, og tryggja jafnframt að endanlegt ákvörðunarvald um fjárskuldbindingar ríkissjóð liggja hjá ráðherra. Hugsanlega væri hægt að bæta við 9. gr. frumvarpsins að hafa skuli samráð við ráðherra, eða að PFS geri tillögu að útboði og beri undir ráðherra sem taki ákvörðun um útboð.

6. Hvernig er skynsamlegt að tryggja hagkvæma alþjónustu með þeim þremur leiðum sem póstillskipunin nefnir, þ.e. markaðslausn, útboð eða útnefning?

Markaðslausn

Verkefnisnefndin er einhuga um að hagkvæm alþjónusta skuli tryggð þannig að fyrst verði markaðslausn reynd til fullnustu. Verið er að afnema einkaleyfi ÍSP og freista þess að koma á virkum samkeppnismarkaði í pósti. Við undirbúning og framkvæmd markaðskonunnar þarf að huga vel að góðri kynningu og samráði. Í viðauka II er að finna drög að útfærslu á þrepaskiptri aðferð við markaðskonun. Afmörkun miðast við heil póstnúmer og tekur mið af pósthjónustu sem að lágmarki miðast við alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma.

Leið A: Markaðsaðili sem tilkynnir um áform á grundvelli leiðar A ætlar að veita póstpjónustu á markaðslegum forsendum á öllu landinu. Engin þörf fyrir fjármögnun frá ríkinu.

Leið B: Ef enginn tilkynnir um áform skv. leið A þá býðst markaðsaðilum að tilkynna um markaðsáform á grundvelli leiðar B. Þar er um að ræða að veita póstpjónustu á póstnúmerum innan tiltekins landsvæðis. Landsvæðin 8 taka að mörgu leyti mið af skiptingu sveitarfélaga í landshlutasamtök.

Leið C: Ef enginn tilkynnir um áform á einhverju af þeim 8 landsvæðunum skv. leið B, þá býðst markaðsaðilum að tilkynna um markaðsáform á grundvelli leiðar C. Hér er búið að flokka póstnúmer í 21 póstnúmeraflokk. Hver póstnúmeraflokkur skv. leið C innifelur þéttbýli ásamt nærliggjandi dreifbýli.

Leið D: Ef enginn tilkynnir um áform á einhverjum af þeim 21 póstnúmeraflokkum skv. leið C, þá býðst markaðsaðilum að tilkynna um markaðsáform á grundvelli leiðar D þar sem við á. Hér er búið að flokka póstnúmer í aðra 47 póstnúmeraflokka. Meiri aðgreining er hér milli póstnúmera eftir þéttbýli og dreifbýli sem endurspeglar þau skilaboð sem berast frá aðilum á póstmarkaði að alþjónusta í flestu dreifbýli sé ekki hagkvæm á markaðslegum forsendum.

Dálkur 1 í töflu: Hér er gefin vísbending um það með litum hversu líklegt (gult = mögulegt og rautt = nokkuð örugglega) það er að óskað verði eftir ríkisframlagi til að standa undir alþjónustu innan viðkomandi póstnúmers hvort heldur farin er útboðsleið eða útnefning.

Útboðsleið

Það mun að öllum líkindum reyna á útboðsleiðina. Hún er talin ákjósanlegri en útnefning og mótast sú afstaða verkefnisnefndarinnar ekki síst af áherslu á að koma á virkri samkeppni.

Í sömu könnun og spurt er um markaðsáform eða í sambærilegri könnun í kjölfarið væri upplagt að kanna formlegan áhuga markaðsaðila á að taka að sér alþjónustu í tilgreindum póstnúmeraflokkum skv. leið A, B, C eða D gegn opinberum styrkjum. Búast má við að töluverður fjöldi aðila lýsi áhuga á þátttöku í slíku útboðsferli enda væri tilkynning um áhuga á þessu stigi ekki skuldbindandi. Slík niðurstaða myndi hafa mikið að segja um framhaldið og veita ÍSP verulegt aðhald ef stefnir í að samkeppni verði um alþjónustuframlagið á flestum eða öllum svæðum verði útboðsleiðin farin. Það setur þrýsting á verð sem þýðir að aðilar keppast við að bjóða lágt til að komast inn á markaðinn eða til að halda öðrum frá markaðnum.

Séu stjórnvöld sérstaklega áfram um að stuðla að samkeppni þá telur verkefnisnefndin koma til greina að útfæra útboðin þannig að stigagjöf byggist á fleiri þáttum en hreinu verði. Þannig væri hægt að gefa aðilum stig sem ekki eru með markaðsráðandi stöðu á póstmarkaði o.s.frv. Það yrði þó gert á kostnað ríkisins ef hagkvæmasta tilboði samkvæmt slíkri stigagjöf er tekið en ekki einfaldlega því lægsta. Ótímabært er að fjölyrða hér um annan undirbúning, skilmála, framkvæmd og fjármögnun eiginlegra útboða undir þessum lið að öðru leyti.

Útnefning

Verkefnisnefndin er sammála því að útnefning á alþjónustuveitanda eigi að vera til þrautavara. Þá er átt við að útnefning kann að reynast nauðsynleg í afmarkaðan tíma til að tryggja alþjónustu á meðan að útboðsleiðin er undirbúin og framkvæmd. Takist útboðsleiðin þá er útnefning ekki lengur nauðsynleg og skal hún þá felld niður. Takist útboðsleiðin hins vegar ekki þá er útnefning til þrautavara.

7. Þarf að skerpa á mörkum póstmárkaðar og annarra márkaða t.d. í vöruflutningum?

Verkefnisnefndin telur að huga þurfi gaumgæfilega að snertiflötum við aðra löggjöf og regluverk í tengslum við opnun samkeppni á póstmárkaði. Það á augljóslega við um mörk póstmárkaðar og vöruflutninga sem eru að verða sífellt óljósari. Ráðuneytið ætti þessu tengt að ráðfæra sig við SE í tengslum við framkvæmd og eftirlit með sáttinni. Þótt mikilvægt sé að reglur séu skýrar er engu að síður æskilegt að lagaramminn sé nægilega opin til að hann hamli ekki um of eðlilegri nýsköpun á sviði dreifingar.

8. Önnur atriði sem ráðherra felur verkefnisnefndinni að skoða

Ráðherra fól verkefnisnefndin ekki skoða önnur atriði en tilgreind voru í skipunarbréfi, sjá viðauka III. Nefndin hélt sig því að mestu leyti við þau álitamál eða spurningar sem henni var falið að leita svara við. Samstaða var um það í verkefnisnefndinni að gera ekki tillögur að nákvæmu orðalagi í frumvarpinu.

Aðrar ábendingar

Frumvarpsdrögin fara ekki djúpt í umfjöllun um hefðbundna verkþáttaskiptingu og fjóra megin undirmárkaði í pósthjónustu sem eru söfnun (e. clearance), flokkun (e. sorting), flutningur (e. transport) og afhending (e. delivery) á pósti. Afmörkun undirmárkaða í pósthjónustu getur auk þess tekið mið af eigindum hins flutta í stað verkþáttanálgunar, það er hvort um áritaðar eða óáritaðar sendingar er að ræða. Loks getur afmörkun í undirmárkaði pósthjónustu verið út frá gæðaeiginleikum þjónustunnar svo sem hraða. Sérhver þessara verkþátta getur samsvarað aðgreindum þjónustumárkaði, a.m.k. í tilviki almenns bréfaþósts. Það kann því að vera nauðsynlegt að gera skýrari greinarmun á þessum fjórum mörkuðum. Slík aðgreining kann að reynast nauðsynleg eigi t.d. að gera öðrum aðilum en ÍSP kleift að taka að sér svæðisbundna pósthjónustu sem uppfyllir alþjónustu hvort heldur er með beinum samningum við ÍSP eða á grundvelli opinbers útboðs á alþjónustu. Undir er aðgangur og verðlagning á aðgangi annarra pósthjónustufyrirtækja að dreifikerfi márkaðsráðandi aðila. Skýr lagaleg úrræði eftirlitsaðila til að tryggja slíkan sanngjarnan aðgang er forsenda þess að útboðsleið sé yfir höfuð valkostur. Fyrirliggjandi drög að pósthfrumvarpi undirbyggja ekki með skýrum hætti slík úrræði fyrir stjórnvöld. Reynslan af einkavæðingu í fjarskiptum er m.a. sú að aðkomu eftirlitsstjórnvalda er oftast en ekki þörf til að skera úr um í slíkum ágreiningsmálum.

Verkefnisnefndin telur að huga verði gaumgæfilega að hlutverki og ábyrgð PFS í tengslum við afnám einkaréttar í pósti. Mögulega færi betur á því að frumvarpið gæfi stjórnvöldum aukinn sveigjanleika til að fela öðrum aðilum ákveðin verkefni.

Verkefnisnefndin telur mikilvægt að stuðlað sé að aukinni rafrænni þjónustu við íbúa og lögaðila jafnframt því að tryggð verði hagkvæm og skilvirk alþjónusta í bréfaþósti. Nefndin telur raunhæft að ætla ríkisstofnunum að eiga rafræn samskipti í 80% tilfella gegnum island.is fyrir árslok 2019.

Viðauki I: IV. Kafli fyrirleggjandi frumvarpsdraga.**IV. KAFLI**
Alþjónusta.

9. gr.

Inntak alþjónustu.

Allir notendur á Íslandi skulu eiga rétt á alþjónustu sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði.

Í alþjónustu felst a.m.k. eftirtalin þjónusta:

1. Aðgangur að afgreiðslustað og póstkösum. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda afgreiðslustaða og póstkassa. Við setningu reglnanna skal m.a. taka mið af fjölda íbúa, þörfum notenda, t.d. eftirspurnar eftir afgreiðslu, stærð þjónustusvæðis, sem og kostnaði við rekstur afgreiðslunnar.

2. Póstþjónusta vegna bréfa, allt að 2 kg, vegna böggla, allt að 10 kg, rekjanlegra sendinga og blindrasendinga, allt að 2 kg, dreifing dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, bæði innan lands og til og frá útlöndum.

Alþjónustuveitandi skal að jafnaði bjóða upp á dreifingu alla virka daga til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili. Á sama hátt skal bera út póst til lögaðila sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði.

Heimilt er að fækka dreifingardögum að teknu tilliti til niðurstöðu markaðskönnunar, eftirspurnar eftir þjónustu, vegna umtalsverðs kostnaðar eða þegar kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindra útburð alla virka daga. Dreifing alþjónustuveitanda skal þó að ekki vera sjaldnar en einu sinni í viku að því gefnu að hún sé yfirhöfuð framkvæmanleg. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna frávik frá alþjónustuskuldum til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ekki er skylt að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.

Alþjónustuveitendur skulu tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem falla undir alþjónustu séu tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag eða að tæming sé í samræmi við fjölda dreifingardaga á viðkomandi svæði að teknu tilliti til eftirspurnar eftir þjónustu.

Fara skal eftir reglum Alþjóðapóstbandsins um stærð og frágang þeirra póstsendinga sem falla undir alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun birtir árlega upplýsingar um alþjónustu og alþjónustuveitendur, þ.m.t. hvaða þjónusta fellur undir alþjónustu auk upplýsinga varðandi verð og gæði.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu, þar á meðal um dreifingu póstsendinga innan alþjónustu, tegundir þjónustu innan lands sem og milli landa og aðgengi að póstaafgreiðslustöðum og póstkösum.

Viðauki II: Drög að fyrirkomulagi markaðskönnunar og skiptingu markaðssvæða.

Líklega óhagkvæmt	Póstnr.	Póststöð	Pósthús, landpóstur, pósthúll	Útbóðssvæði/leið:				Öll heimili og fyrirtæki
				A: Allt landið	B: Heilt landsvæði	C: Hluti landsvæðis	D: Minnsta útb.eining	
	101	Reykjavík (Miðborg)	Pósthússtræti 5	0				7.592
	103	Reykjavík (Háaleiti og Bústaðir)	Síðumúla 3-5, 108 Reykjavík	0				1.296
	104	Reykjavík (Laugardalur)	Síðumúla 3-5, 108 Reykjavík	0				3.870
	105	Reykjavík (Hlíðar)	Síðumúla 3-5, 108 Reykjavík	0				7.446
	107	Reykjavík (Vesturbær)	Eiðistorgi 15, 170 Seltjarnarnes	0				4.007
	108	Reykjavík (Háaleiti og Bústaðir)	Síðumúla 3-5	0				5.503
	109	Reykjavík (Breiðholt)	Þönglabakka 4	0				4.519
	110	Reykjavík (Árbær)	Höfðabakka 9	0				4.886
	111	Reykjavík (Breiðholt)	Þönglabakka 4	0				3.870
	112	Reykjavík (Grafarvogur)	Höfðabakka 9	0				6.269
	113	Reykjavík (Grafarholt og Úlfarsárdalur)	Höfðabakka 9	0				2.691
	116	Reykjavík (Kjalarnes)	landpóstur	0				269
	170	Seltjarnarnes	Eiðistorgi 15	0				1.638
	190	Vogar	löndal 2	0				448
	200	Kópavogur (Kársnes, Digranes)	Dalvegi 18, 201 Kópavogur	0				7.292
	201	Kópavogur (Smárar, Lindir, Salir)	Dalvegi 18	0				3.927
	203	Kópavogur (Kórar, Hvörf, Þing)	Dalvegi 18, 201 Kópavogur	0				2.751
	210	Garðabær	Litlatúni 3	0				4.399
	220	Hafnarfjörður	Fjarðargötu 13-15	0				7.141
	221	Hafnarfjörður	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður	0				3.720
	225	Álfanes	Litlatúni 3, 210 Garðabær	0				783
	230	Reykjanesbær	Hafnargötu 89	0	1	2	4	3.858
	232	Reykjanesbær, pósthólf	Hafnargötu 89, 230 Reykjanesbær	0	1	2	4	46
	235	Reykjanesbær	Hafnargötu 89, 230 Reykjanesbær	0	1	2	4	745
	240	Grindavík	Víkurbraut 25	0	1	2	5	1.074
	245	Sandgerði	Suðurgötu 2-4	0	1	2	6	578
	250	Garður	landpóstur	0	1	2	6	594
	260	Reykjanesbær	Hafnargötu 89, 230 Reykjanesbær	0	1	2	4	2.336
	270	Mosfellsbær	Háholt 14	0	1	3	7	3.192
	271	Mosfellsbær	landpóstur	0	1	3	7	186
Mögulega	276	Mosfellsbær	landpóstur	0	1	3	8	75
	300	Akranes	Smiðjuvöllum 30	0	10	11	15	2.795
Mögulega	301	Akranes	landpóstur	0	10	11	16	208
	310	Borgarnes	Borgarbraut 12	0	10	12	17	804
Mögulega	311	Borgarnes	landpóstur	0	10	12	18	610
Mögulega	320	Reykholt	landpóstur	0	10	12	18	Samtala með 311
	340	Stykkishólmur	Aðalgötu 31	0	10	13	19	543
Órugglega	345	Flatey	landpóstur / bátur	0	10	13	19	6
	350	Grundarfjörður	Grundargötu 50	0	10	13	20	373
	355	Ólafsvík	Bæjartúni 5	0	10	13	20	381
Mögulega	356	Snæfellsbær	landpóstur	0	10	13	20	57
	360	Hellissandur	póstbúll	0	10	13	20	203
	370	Búðardalur	Miðbraut 13	0	10	14	21	140
Mögulega	371	Búðardalur	landpóstur	0	10	14	21	157
Mögulega	380	Reykhlóahreppur	landpóstur	0	10	14	22	114
	400	Ísafjörður	Aðalstræti 18	0	30	31	34	1.266
Mögulega	401	Ísafjörður	landpóstur	0	30	31	34	22
	410	Hnífsdalur	landpóstur	0	30	31	34	Samtala með 400
	415	Bolungarvík	Aðalstræti 14	0	30	31	34	349
Órugglega	420	Súðavík	Grundarstræti 3-5	0	30	31	35	70
Órugglega	425	Flateyri	póstbúll	0	30	31	36	99
	430	Suðureyri	póstbúll	0	30	31	36	93
	450	Patreksfjörður	Bjarkargötu 4	0	30	32	37	306
Órugglega	451	Patreksfjörður	landpóstur	0	30	32	37	35
Mögulega	460	Tálknafjörður	Strandgötu 38	0	30	32	37	109
Mögulega	465	Bíldudalur	póstbúll	0	30	32	38	105
Mögulega	470	Þingeyri	póstbúll	0	30	32	38	129
	471	Þingeyri	landpóstur	0	30	32	38	25
Mögulega	500	Staður	landpóstur	0	30	33	39	59
	510	Hólmavík	Hafnarbraut 19	0	30	33	39	212
Mögulega	512	Hólmavík	landpóstur	0	30	33	34	Samtala með 401
Mögulega	520	Drangsnæs	Borgargötu 2	0	30	33	39	47
Órugglega	524	Árneshreppur	landpóstur	0	30	33	40	28

Viðauki II: Framhald.

Líklega óhagkvæmt	Póstnr.	Póststöð	Pósthús, landpóstur, póstbíl	Útboðssvæði/leið:				Öll heimili og fyrirtæki
				A: Allt landið	B: Heilt landsvæði	C: Flutti landsvæðis	D: Minnsta útb.eining	
	530	Hvammstangi	Lækjargötu 2	0	50	51	53	247
	540	Blönduós	Hnjúkabyggð 32	0	50	51	54	376
Mögulega	541	Blönduós	landpóstur	0	50	51	54	170
Mögulega	545	Skagaströnd	Höfða	0	50	51	54	212
	550	Sauðárkrúkur	Kirkjutorgi 5	0	50	52	55	1.158
	551	Sauðárkrúkur	landpóstur	0	50	52	55	232
	560	Varmahlíð	landpóstur	0	50	52	55	275
	565	Hofsós	landpóstur	0	50	52	56	81
Mögulega	566	Hofsós	landpóstur	0	50	52	56	42
Mögulega	570	Fljót	landpóstur	0	50	52	56	35
	580	Siglufjörður	Aðalgötu 24	0	60	61	63	538
	600	Akureyri	Strandgötu 3	0	60	62	64	5.126
Mögulega	645	Fosshóll	landpóstur	0	70	71	73	Samtala með 641
Mögulega	660	Mývatn	Helluhrauni 3	0	70	71	74	191
	670	Kópasker	Bakkagötu 2	0	70	72	75	70
Órugglega	671	Kópaskeri	landpóstur	0	70	72	75	79
Mögulega	680	Þórshöfn	Fjarðarvegi 5	0	70	72	76	145
Órugglega	681	Þórshöfn	landpóstur	0	70	72	76	40
Mögulega	690	Vopnafjörður	Kolbeinsgötu 10	0	80	81	83	288
	700	Fellabær og Egilsstaðir	Dalbrún 2	0	80	81	84	1.170
	710	Seyðisfjörður	Hafnargötu 4	0	80	81	85	339
Órugglega	715	Mjólfjörður	landpóstur	0	80	81	86	15
Mögulega	720	Borgarfjörður eystri	landpóstur	0	80	81	83	66
	735	Eskifjörður	Strandgötu 55	0	80	82	86	440
	740	Neskaupstaður	Miðstræti 26	0	80	82	86	639
	750	Fáskrúðsfjörður	Skólavegi 57	0	80	82	86	315
Mögulega	755	Stöðvarfjörður	landpóstur	0	80	82	86	119
Mögulega	760	Breiðdalsvík	Selnesi 38	0	80	82	87	119
Mögulega	765	Djúpivogur	Kambi 1	0	80	82	87	168
	780	Höfn	Hafnarbraut 21	0	90	91	94	662
Mögulega	781	Höfn	landpóstur	0	90	91	94	157
Órugglega	785	Óræfi	landpóstur	0	90	91	95	34
	800	Selfoss	Austurvegi 26	0	90	92	96	3.081
	810	Hveragerði	Sunnumörk 2-4	0	90	92	97	921
	815	Þorlákshöfn	Reykjabraut 2	0	90	92	97	652
	816	Ölfus	landpóstur	0	90	92	97	194
	820	Eyrarbakki	landpóstur	0	90	92	97	196
	825	Stokkseyri	landpóstur	0	90	92	97	186
	840	Laugarvatn	landpóstur	0	90	93	98	86
	845	Flúðir	landpóstur	0	90	93	98	319
	850	Hella	Þrúðvangi 10	0	90	93	99	336
	851	Hella	landpóstur	0	90	93	99	359
	860	Hvolsvöllur	Austurvegi 2	0	90	93	99	370
	861	Hvolsvöllur	landpóstur	0	90	93	99	303
	870	Vík	Austurvegi 15	0	90	91	100	161
Mögulega	871	Vík	landpóstur	0	90	91	100	71
	880	Kirkjubæjarklaustur	Klausturvegi 13	0	90	91	100	198
	900	Vestmannaeyjar	Vestmannabraut 22	0	90	93	101	1.526
								137.654

Viðauki III: Skipunarbréf verkefnisnefndar.

Gunnar Þorgeirsson
Ártanga
801 Selfossi

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 29. maí 2017
Tilv.: SRN17050068/6.3

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar yður hér með í verkefnisnefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um álitamál tengd alþjónustu í pósti. Endurskoðun laganna stendur yfir og hefur ráðuneytið unnið að undirbúningi lagafrumvarps og er stefnt að framlagningu þess á haustþingi 2017.

Í frumvarpi að nýjum póstlögum þarf að huga sérstaklega að afmörkun, skilgreiningum, fjármögnun og leiðum til að tryggja hagkvæma alþjónustu í pósti í tengslum við afnám einkaréttar Íslandspósts og opnun samkeppnismarkaðar. Nefndinni er ætlað að fjalla tiltekin álitamál með því að svara eftirfarandi spurningum og gera tillögu að viðeigandi orðalagi í frumvarpinu.

1. Hvert ætti umfang alþjónustu að vera hér á landi?
2. Hver er kostaðurinn við alþjónustu og hvaða leiðir eru færar til þess að fjármagna alþjónustu og draga úr íþyngjandi áhrifum á hið opinbera.
 - a) Ætti að leggja jöfnunargjald á póstrekendur sem rennur í alþjónustusjóð sem alþjónusturekandi á rétt á framlagi úr vegna kostnaðar við alþjónustuna, reynist þess þörf?
 - b) Ætti að afnema undanþágu frá virðisaukaskatti á bréfum innan alþjónustu þegar að einkaréttur er afnuminn en þess í stað tæki ríkið að sér að fjármagna alþjónustubyrðina í gegnum ríkissjóð, reynist þess þörf?
3. Er hægt að ná betri samstöðu um hvaða kostnaður er lagður til grundvallar útreikningi á alþjónustubyrði og þá hvernig?
4. Hvernig ber að fjármagna aukið eftirlit PFS í tengslum við framkvæmd nýrra póstlaga, ef svo ber undir?
5. Hvar á ákvörðun um fyrirkomulag fjármögnunar alþjónustu að liggja?
6. Hvernig er skynsamlegt að tryggja hagkvæma alþjónustu með þeim þremur leiðum sem póstitilskipunin nefnir, þ.e. markaðslausn, útboð eða útnefning?
7. Þarf að skerpa á mörkum póstmarkaðar og annarra markaða t.d. í vöruflutningum?
8. Önnur atriði sem ráðherra felur verkefnisnefndinni að skoða.

Drög að verk- og tímaáætlun:

Fyrir 5. júlí. Verkefnisnefndin svari ofangreindum spurningum og gerir tillögu að viðeigandi orðalagi í frumvarpinu.

15. júlí - 10. ágúst. Frumvarpið í umsögn á vef.

10. ágúst - 24. ágúst. Úrvinnsla athugasemda og gerð tillögu að viðeigandi breyttu orðalagi í frumvarpinu eins og efni gefa til.

1. september. Kynning fyrir ráðherra og skil á minnisblaði.

Nefndin er þannig skipuð:

Gunnar Þorgeirsson, oddviti í Grímnes- og grafningshreppi, formaður

Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi

Pawel Bartoszek, alþingismaður

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í nefndinni en tekur þátt í ferðakostnaði nefndarmanna. Nefndin hefur ekki heimild til þess að stofna til útgjalda án samþykkis ráðuneytisins.

Með nefndinni starfa:

Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu,
vera.sveinbjornsdottir@srn.is og

Ottó V. Winther, viðskiptafræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu,
otto.winther@srn.is

